

1872. mælumst vèr því til, að þèr, herra stiptamtmaður, segið hlutað-
 13. maí. eiganda umboðsmanni fyrir um þetta, einsog með þarf.

18. maí. **54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
 yfir Íslandi, um tilraun að veita Kúðafljóti.**

Með bréfi, dagsettu 26. febr. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, útlagða á dönsku, þar sem umboðsmaðurinn yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustri í Skaptafells-sýslu skýrir frá, að til þess að reyna til að stemma stigu fyrir vatns ágangi úr Kúðafljóti, hafi hann í sumar, sem leið, skorað á nokkra landseta á jörðum þeim, sem liggja við fljótið, og að mestu leyti eru klausturjarðir, að reyna til að grafa fram fljótið og leiða það í hinn fyrri farveg sinn, og lofað að sækja um, að þeim yrði borgað fyrir þetta verk að helmingi; sækir hann nú um, að þeim mönnum, sem störfuðu að þessu, verði endurgoldin 10 dagsverk eptir verðlagsskránni, þótt fyrirtækið eigi þeppnaðist. Með því umboðsmaðurinn hefir komið þessu til leiðar, og landsetarnir að mestu leyti eru efnalitlir menn, hefir stiptamtmaður mælt með bænarskránni og stungið uppá, að greiða megi úr umboðssjóðnum sem endurgjald fyrir erfiði þetta 10 rd. alls, sem er samsvarandi verðlaginu á 10 dagsverkum eptir verðlagsskrá þeirri, sem gildir á þessu ári (1871—72) fyrir Skaptafellsýslu, hvert dagsverk talið 95,8 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem ástatt er, fellst á uppástungu stiptamtsins.